



# Mýrdalshreppur

**Aðalskipulag 2009-2025**

*Athugasemdir við auglýsta tillögu að  
aðalskipulagi og svör sveitarstjórnar við þeim*



## Formáli

Tillaga að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 var auglýst á tímabilinu 22. desember 2009 til 19. janúar 2010 með athugasemdafresti til 2. febrúar 2010. Alls bárust um 40 athugasemdir við auglýsta skipulagstillögu frá einstaklingum, félagasamtökum og stofnunum. Margir aðilar skrifuðu undir sumar athugasemdanna.

Skipulags- og byggingarnefnd Mýrdalshrepps fjallaði um athugasemdir á fundum sínum þ. 11. febrúar og 24. febrúar 2010. Athugasemdir voru flokkaðar og skipt til hægðarauka í eftirfarandi flokka:

- A. Suðurlandsvegur um Mýrdal
- B. Reiðleiðir og gönguleiðir
- C. Sjóvarnir í Víkurfjöru
- D. Frístundabyggð
- E. Opin svæði til sérstakra nota
- F. Verndarsvæði
- G. Efnistökusvæði og haugsvæði
- H. Ýmis mál

Margar athugasemdanna eru samhljóða og fjalla um sömu efnisatriði, einkum þær sem snúa að Suðurlandsvegi. Í meðfylgjandi svörum er leitast við að svara öllum efnisatriðum, sem hafa verið dregin saman í stuttu mál. Í sumum athugasemdabréfum komu fram hugleiðingar og/eða ábendingar sem ekki er litið á sem athugasemdir. Þá fjalla margar athugasemdanna um útfærsluatriði sem ekki verður gerð nákvæm grein fyrir á aðalskipulagsstigi, en verða ýmist útfærð nánar í deiliskipulagi eða í framkvæmdaleyfisgögnum.

Skipulagstillagan, ásamt svörum til þeirra sem gerðu athugasemdir, var síðan samþykkt með nokkrum breytingum á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps þ. 1. mars 2010.

Vík, 1. mars 2010,

f. h. Mýrdalshrepps

---

**Sveinn Pálsson,**  
sveitarstjóri

---

**Þórhildur Jónsdóttir,**  
oddviti

## A. Suðurlandsvegur um Mýrdal

1. Nokkrir landeigendur í Reynishverfi og Dyrhólahverfi mótmæla legu vegar um sitt land og fara fram á að hann verði felldur úr skipulagstillögunni. Vegurinn muni m.a. skerðing verulega landbúnaðarland og hann verður í námunda við íbúðar- og/eða útihús.

*Svar: Allar varanlegar lausnir í vegagerð skerða landbúnaðarland að meira eða minna leyti og Suðurlandsvegur verður í öllum tilvikum í námunda við einhver íbúðarhús.*

2. Vakin er athygli á að vegur með bökkum Dyrhólaóss verði umflotinn vatni hluta úr ári frá Reynisfjalli að Loftsalahelli. Spurt er hvernig hægt sé að tryggja umferðaröryggi við slíkar aðstæður. Haldið er fram að kostnaður við leiðir 3 og 4 við Dyrhólaós sé verulega vanmetinn vegna mikils kostnaðar við nauðsynlega grjótvörn við veginn. Ennfremur er bent á að veðurhæð á Fjallsenda sé jafnan minni en á Vatnsskarðshólum.

*Svar: Nákvæmt kostnaðarmat liggur ekki fyrir á mismunandi leiðum, en á grundvelli skýrslu Vegagerðarinnar má búast við því að leið 3 verði með ódýrari valkostum þó svo að koma þurfi til grjótvörnar við veginn. Vegurinn mun uppfylla viðurkenndar öryggiskröfur. Vegurinn verður uppbyggður og vegrið verða með honum þar sem þörf krefur. Bratti vegar og snjóþungi skipta einnig máli þegar umferðaröryggi er metið út frá veðurfarsaðstæðum.*

3. Bent er á að Vegagerðin telur að hægt sé að byggja hagkvæman og öruggan veg, með endurbótum á núverandi vegi (leið 2) fyrir um þriðjung þess kostnaðar sem aðrar lausnir fela í sér. Þessi lausn feli í sér góða sátt við umhverfi og íbúa. Lýst er áhyggjum af því að fyrirbyggjandi hugmyndir verði til þess að ekki verði gerðar brýnar vegabætur á Gatnabrún. Þá er staðhæft að ný veglína muni ekki bæta hag fyrirtækja í Vík né styrkja ferðaþjónustu þar sem hún eyðileggi náttúruverndarsvæði við Dyrhólaós.

*Svar: Fyrir liggur að endurbætt núverandi leið (leið 2) er ekki eins örugg og leiðir sem gera ráð fyrir göngum í gegnum Reynisfjall. Leið 3 er láglandisvegur með stuttum jarðgöngum og raskar minnst landnotkun og ræktunarlöndum bænda. Vegtengingar eru fáar og nýtist að stórum hluta sem vegtenging að Dyrhólaey. Umtalsverð stytting næst á þjóðvegi 1 miðað við núverandi leið. Leiðin þjónar því best öllum markmiðum um öruggan og ódýran veg.*

4. Lýst er áhyggjum af því að íbúar sem búa í Mið-Mýrdal muni búa við skertar samgöngur að vetrarlagi, s.s. vegna Skarphóls og Gatnabrúnar. Ennfremur er spurt um hvaða ávinning íbúar og ferðaþjónusta í Mið-Mýrdal hafi af nýjum vegi og hvort ekki sé þörf á tengivegi frá núverandi vegi að nýjum vegi skv. skipulagstillögu, t.d. meðfram Brandslæk.

*Svar: Ný veglína mun taka mið af hagsmunum heildarinnar. Gert er ráð fyrir því að byggðin í Mið-Mýrdal muni tengjast nýjum vegi um Mið-Mýrdal, t.d. í námunda við Brandslæk.*

5. Spurt er hver verði kostnaðarauki sveitarfélagsins, s.s. vegna snjómoksturs, skólaaksturs og bótagreiðslna þar sem vegurinn mun fara yfir tún og annað ræktað land. Ennfremur hvar reiknað sé með að bændur endurheimti annað land til landbúnaðarnota.

*Svar: Allar leiðir hafa í för með sér skerðingu á landbúnaðarlandi. Sveitarstjórn mun ekki á þessu stigi benda á annað land til landbúnaðarnota í stað þess sem fer undir veg frekar önnur áhrif sem tillagan felur í sér um aðra landnotkun. Ekki liggur fyrir að bættar samgöngur í Mýrdal leiði til aukins kostnaðar vegna snjóruðnings eða skólaaksturs fyrir Mýrdalshrepp. Varðandi bótagreiðslur er vísað í svar við lið 9.*

6. Spurt er hvort farið hafi fram skráning á náttúru- og menningarminjum í tengslum við vinnu aðalskipulags eins og lög gera ráð fyrir. Vakin er athygli á að Dyrhólaós er á náttúruminjaskrá og votlendissvæði njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Samkvæmt Ramsar-samningnum sem Ísland er aðili að, ber að stuðla að verndun votlendis og votlendisfugla.

*Svar: Mat á veglínunum er grundvallað á fyrirliggjandi upplýsingum um náttúru- og menningarminjar. Fyrir liggur að allar varanlegar endurbætur Suðurlandsvegi kosta mismikla skerðingu á votlendi og öðru gróðurlendi. Ennfremur er ljóst að veglínur næst Dyrhólaósi hafa mest neikvæð áhrif á náttúruverndarsvæði eins og fram kemur í umhverfisskýrslu. Frekari valkostir í vegagerð verða metnir þegar veglínur fara í mat á umhverfisáhrifum, eins og lög gera ráð fyrir.*

7. Stjórn Fuglaverndar telur að leið 5a (efri leið um Vík) eig frekar fyrir valinu, eða núverandi vegur lagfærður (leið 2), þar sem slíkt myndi hafa minni áhrif á náttúru og lífríki Mýrdals. Náttúrufræðistofnun telur að veglínur 3 og 4 séu hafi mest neikvæð áhrif á náttúruferil í Mýrdal og veglína 3 sé í mestri andstöðu við öll viðurkennd verndarmarkmið, sérstaklega hvað varðar votlendi og vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Lagt er til að leið 5a verði valin þar sem sú leið yrði á jafnsléttu, yrði á mörkum jarða og utan áhrifasvæðis Dyrhólaóss. Veglínun myndi auk þess fela í sér mestu mögulega styttingu hringvegur og vera þjóðhagslega hagkvæmust.

*Svar: Við val á veglínunni í aðalskipulagi er ekki einungis horft til náttúruverndarsjónarmiða heldur einnig til margra annarra þátta, s.s. hagrænna og félagslegra þátta og áhrifa á heilsu og öryggi, sbr. einnig umhverfisskýrslu. Niðurstaða nefndarinnar er að leið 3 fullnægi best heildarmarkmiðum aðalskipulags sbr. einnig svar við lið 3.*

8. Haldið er fram að vegur sunnan byggðar í Vík hafi slæm áhrif á fuglalíf, m.a. krúvarp sem er eitt það stærsta á landinu.

*Svar: Vegurinn mun að mestu leyti liggja ofan við helstu varpsvæði krúunnar við Vík.*

9. Bent er á að eignaréttur sé varinn skv. stjórnarskrá. Ennfremur er spurt hvernig réttaröryggi íbúa og annarra hagsmunaaðila verði tryggt.

*Svar: Verði einhver fyrir tjóni vegna gildistöku skipulagsins gildir ákvæði 33. gr. skipulags- og byggingarlaga, þar sem segir orðrétt: „Nú veldur gildistaka skipulags því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún muni rýrna svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða að hann leysi fasteignina til sín.“*

10. Bent er á ósamræmi í staðsetningu vegar á milli skipulagsuppdráttar og umhverfisskýrslu í Dyrhólhverfi.

*Svar: Verður lagfært, uppdráttir verða samræmdir.*

## B. Reiðleiðir og gönguleiðir

11. Landeigendur óska eftir því að reiðleið (R.4) um land Garðakots, Norður-Hvols og Vatns-  
garðshóla og verði felld úr skipulagstillögunni. Landeigendur telja að reiðleið um fjörur Dyr-  
hólalhverfisjarða og um leirur Dyrhólaóss leiði af sér traðk á landi og valdi miklum usla í varp-  
löndum fugla í fjörusvæðum og við Dyrhólaey. Einnig er óskað eftir því að reiðleið um land  
Fagradals (R.6), verði felld út úr skipulagsgögnum.

*Svar: Sveitarstjórn telur ekki rétt að skilgreina reiðleiðir í aðalskipulagi í andstöðu við land-  
eigendur á þessu stigi. Sveitarstjórn mun hins vega beita sér fyrir því að unnið verði heildstætt  
reiðleiðakerfi fyrir Mýrdalshrepp í samvinnu við hestamenn og landeigendur og aðra hags-  
munaaðila.*

12. Landeigendur óska eftir því að gönguleið um land Kerlingardals, sem liggur um Hagadal, Flatir  
og Kamb (auðkennd G.8) verði felld úr skipulagstillögunni. Samsvarandi athugasemdir eru  
gerðar af landeigendum í Fagradals vegna leiðar G.12 og landeigenda á Giljum vegna leiðar  
G.3 (Steig-Gæsavatn). Landeigendur telja að göngufólk muni trufla fé í högum, en gönguleið-  
irnar liggja um mikilvæg beitarlönd jarðanna. Á hinn bóginn er óskað eftir því að gönguleiðum í  
skipulagstillögunni verði fjölgað í samræmi við þær hugmyndir sem unnið var eftir á fyrri  
stigum skipulagsvinnunnar.

*Svar: Sveitarstjórn telur ekki rétt að skilgreina gönguleiðir um einkalönd í aðalskipulagi í and-  
stöðu við landeigendur á þessu stigi. Sveitarstjórn mun hins vega beita sér fyrir því að unnið  
verði heildstætt gönguleiðakerfi fyrir Mýrdalshrepp í samvinnu við aðila í ferðapjónustu, land-  
eigendur og aðra hagsmunaaðila.*

## C. Sjóvarnir í Víkurfjöru

13. Lagt er til að sjóvarnarmannvirki verði byggð framan við núverandi grasbakka (rofbakka) til  
þess að vinna land og til að draga úr hæð sjóvarnargarðs, sem annars yrði til líta séð frá  
byggðinni. Jafnframt gefst nægilegt landrými fyrir veg ofan garðsins. Dregið er í efa að fyrir-  
liggjandi hugmyndir Siglingastofnunar um sjóvarnir í námunda við flóðvarnargarðinn séu  
raunhæfar. Þá áréttar Landgræðslan fyrri álit sitt um að sjóvarnargarður í Víkurfjöru verði  
staðsettur eins langt sunnan flóðvarargarðsins og unnt er svo að sem mest rými fái til að  
verja byggðina fyrir sandfoki.

*Svar: Tekið eru undir að sjóvarnargarður verði staðsettur sem næst núverandi rofbakka í  
Víkurfjöru. Þannig skapast aukið athafnasvæði ofan garðsins fyrir veg og landgræðsluað-  
gerðir og hægt er að tryggja almenningi og ferðamönnum aðgengi að strandlengjunni við  
Vík. Í fyrirbyggjandi skipulagstillögu er gert ráð fyrir því að nýr þjóðvegur um Mýrdal verði  
ofan garðs í Víkurfjöru og síðan í göngum í sunnanverðu Reynisfjalli. Nákvæm lega sjóvarnar-  
garðsins mun ekki ráðast fyrr en tæknileg útfærsla liggur fyrir. Garðurinn verður teiknaður í  
fullri breytt á skipulagsupprætti.*

14. Vakin er athygli á að óvarlegt sé að staðsetja veg á sjávarkambinum sunnan Víkur þar sem óvíða í heiminum sé meira rof. Ennfremur er staðhæft að varasamt sé að staðsetja veg, íbúðar- eða atvinnuhúsnæði nálægt sjó þar sem búast má við hækkun sjávarborðs í kjölfar hlýnandi loftslags og að hækkun sjávarborðs geti orðið meiri nálægt heimskautasvæðum.

*Svar: Hönnun sjóvarnargarðs í Víkurfjöru tekur mið af aðstæðum. Landris við strendur Íslands á síðustu áratugum hefur verið hvað mest sunnan Vatnajökuls og Mýrdalsjökuls, sem skýrist af því að farg ísaldarjökulsins var mikið á þessu svæði í lok síðustu ísaldar. Hækkun sjávarborðs er því verulega hægara við Suðurstrendur Íslands. Gangamunni vegar Víkurmegin í Reynisfjalli verður staðsettur með tilliti til þessara aðstæðna. Ekki er gert ráð fyrir byggingu húsa neðan svo nefndrar takmörkunarlínu bygginga, sem dregin hefur verið í samráði við Siglingastofnun og auðkennt er á skipulagsupprætti fyrir þéttbýlið í Vík. Við mat á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegar verður lagt mat á öryggi vegar í Víkurfjöru.*

15. Vakin er athygli á að vegur um Víkurfjöru muni skerða útivistarmöguleika Víkurbúa í Víkurfjöru og aðskilja Víkurfjöru og Hraðið vestan við Vík.

*Svar: Með tilkomu sjóvarnargarðs í Víkurfjöru verður allt strandsvæðið vestan Víkurár manngert umhverfi. Vegur sunnan byggðar skerðir vissulega aðgengi að strandsvæðinu, en hins vegar er gert ráð fyrir að áningarstaður verði við nýjan veg ofan sjóvarnargarðsins og að gönguleið verði undir veginn við Víkurá. Aðrar mögulegar veglínur um Vík skerða einnig gæði íbúa með ýmsum hætti eins og fram kemur í umhverfisskýrslu.*

#### **D. Frístundabyggð**

16. Bent er á að frístundasvæði í landi Þórisholts (FS6) er ekki rétt merkt inn á skipulagsupprátt.

*Svar: Verður lagfært.*

17. Óskað er eftir því að skilgreint verði nýtt frístundasvæði í Brynkudal landi Skammadalshóls þar sem gert sé ráð fyrir einni frístundalóð.

*Svar: Stakar frístundalóðir eru ekki skilgreindar sem frístundabyggð, heimilt er að hafa allt að 2 frístundahús á landbúnaðarsvæðum.*

18. Lagt er til að stefnumörkun um frístundabyggð verði endurskoðuð og slíkri byggð verði beint á svæði sem eru hentug til þeirra nota. Einungis verði heimilt að hafa frístundabyggð í hverfum þar sem gert er ráð fyrir minnst 10 lóðum.

*Svar: Tekið er undir að óæskilegt sé að dreifa frístundahúsum of víða. Í fyrirliggjandi tillögu nær frístundabyggð til svæða þar sem eru 3 eða fleiri samliggjandi lóðir, eins og tíðkast í mörgum sveitarfélögum.*

#### **E. Opín svæði til sérstakra nota**

19. Lagt er til að 2,5 ha svæði vestan Mýrarbrautar í Vík verði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Svæðið hefur verið nýtt til hrossabeitar en hentar vel til skógræktar og útivistar í útjaðri byggðarinnar.

*Svar: Tekið er undir tillögunna.*

20. Óskað er eftir því að friðlandið í Dyrhólaey verði ekki skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Ástand gróðurs og fuglalífs gefi ekki tilefni til að stórauka umferð um eyna.

*Svar: Tekið er undir að opið svæði til sérstakra nota verði minnkað í Dyrhólaey og taki einungis til háeyjarinnar þar sem gert er ráð fyrir bílastæðum, stígum og útsýnispalli skv. gildandi deiliskipulagi. Dyrhólaey verði að öðru leyti skilgreind í flokknum opið óbyggt svæði.*

21. Landeigandi Skammadalshóls fer fram á að skógarreitir í Brynkudal verði felldur út úr skipulagstillögunni.

*Svar: Tekið undir*

## F. Verndarsvæði

22. Bent er á að fjarsvæði/aðrennslissvæði vatnsverndar við Péturseyjarveitu (VS.5) sé óþarflega rúmt skilgreint. Ennfremur er óskað eftir að vatnsverndarsvæði Dyrhólaveitu (VS.4) verði fært nákvæmar inn á skipulagsupprátt í samráði við ábúendur.

*Svar: Tekið eru undir að vatnsverndarsvæðið VS.5 verði þrengt í samræmi við framkomnar athugasemdir. Vatnsverndarsvæði Dyrhólaveitu verður lagfært í samráði við landeigendur.*

23. Óskað er eftir því að við afmörkun vatnsverndarsvæða verði vatnasvæði við Dyrhólaey og Dyrhólaós ekki undanskilin sbr. kvæði í kafla 4.21 í skipulagsreglugerð, sem fjallar um vatnsverndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.

*Svar: Í tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps eru ekki settar fram tillögur um verndarsvæði í þessum flokki fremur en í öðrum dreifbýlissveitarfélögum á Íslandi. Almennt séð er mest þörf á að skilgreina verndarsvæði í þessum flokki í námunda við þéttbýli. Umrædd strandsvæði eru ýmist friðlýst eða á náttúruminjasrá og eru sem slík skilgreind sem náttúruverndarsvæði í skipulagsgögnum.*

24. Eigandi Skammadalshóls fer fram á að hverfisverndarsvæði verði takmarkað við gróðrarstöð Umf. Kjartans Ólafssonar frá 1923 í Brynkudal.

*Svar: Tekið undir. Hverfisverndarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsupprætti, en þeirra helstu er getið í greinargerð.*

25. Lagt er til að Fellsheiði verði skilgreind sem hugsanlegur fólkvangur í aðalskipulagi þannig að svæðið verði fest í sessi sem útivistar- og ræktunarsvæði. Landið er í ríkiseign og leigt af Skóg-ræktarfélagi Reykjavíkur.

*Svar: Tekið er undir að svæðið er áhugavert sem útivistarsvæði, en hverfisverndarsvæði eru ekki afmörkuð í aðalskipulagi á þessu stigi.*

26. Leiðréttta þarf afmörkun svæðis NMS 709 við Skammadalshól á skipulagsupprætti.

*Svar: Afmörkun svæðisins er í samræmi við svæðisafmarkanir Umhverfisstofnunar.*

## G. Efnistökusvæði

27. Ábendingar hafa komið um að afmarka þurfi nánar námur í Sólheimaheiði (E.19) vegna grjótvana tengt sjóvarnargarðinum í Víkurfjöru.

*Svar: Afmörkun námunnar verður leiðrétt.*

## H. Ýmis mál

28. Bent er á að Garðakot ætti að auðkenna sem býli í rekstri á skipulagsupprætti.

*Svar: Verður leiðrétt.*

29. Lýst er yfir óánægju vegna lítils samráðs við íbúa vinnu að tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Spurt er hvort eðlilegt sé að taka svo stórar ákvarðanir með huglægu mati nokkurra einstaklinga.

*Svar: Uppfylltar hafa verið kröfum um samráð við íbúa með nokkrum opum kynningarfundum þar sem skipulagstillögur hafa verið kynntar í ýmsum stigum. Endanlegar ákvarðanir um legu vegarins verða ekki teknar fyrr en að loknu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Öll helstu skipulagsgögn hafa verið birt á heimasíðu Mýrdalshrepps á hinum ýmsu stigum skipulagsvinnunnar.*